

# Gæsirnarnar gripnarnar á

**H**vað sem hægt er að segja um árið 2004 þá var það gott myndlistarár. Þegar lítið er yfir árið virðist mér margt afar jákvætt hafa komið fram, bæði innan listarinnar sjálfar og í starfseminni sem henni tengist. Eftirtektarvert er að flest er það frá myndlistarmönnum sjálfum komið. Árið byrjaði reyndar ekki vel í miðbænum þegar Þóra Þórisdóttir sá fram á lokun Gallerís Hlemms eftir fjögurra ára vægast sagt frábært starf. Í viðtali sem tekið var við Þóru um þetta leyti sagði hún að kynslóð sín væri dugleg að skapa sér tækifæri. Það sannaði hún sjálf og ekki síður kom það fram þegar forsvarmenn Kling og Bang gallerís við Laugaveg og

## Myndlist

Eftir Rögnu

Sigurðardóttur

ragnahoh@simnet.is

Björgólfur Guðmundsson, formaður bankaráðs Landsbankans undirrituðu samstarfs-samning vegna húsnæðis gömlu Hampiðjunnar. Þar hóf listasmíðjan Kling og Bang starfsemi sína fáeinum mánuðum síðar og er nú orðin ómissandi hluti af menningarlífi borgarinnar. Þeir ungu listamenn sem þarna hafa starfað hafa sýnt mikinn metnað og sýningin sem stendur enn yfir í Norræna húsinu, Vetrarmessa, er til vitnis um það. Ungir listamenn sýndu dug á fleiri vígstöðum á árinu en litlu sýningarrýmið Gallerí Dvergur og Gallerí Bananas hafa komið skemmtilega á óvart og halda vonandi áfram að kynna starfsemi sína og ekki síst gera hana aðgengilegri almenningsi. Fleiri óháð sýningarrými hafa staðið sig ótrúlega vel, ekki síst Gallerí + á Akureyri en þar hefur hver gæðasýningin rekið aðra. Einnig má nefna starfsemi Kunstraum-Wohnraum á Akureyri. Þarna sést ákaflega vel að það er

hugarfarið og þekkingin sem skipta miklu máli. Ekki veit ég hvort Gallerí + nýtur stuðnings bæjarfélagsins en væri svo sannarlega vel að honum komið. Fleiri sýningarrými komu fram á árinu, 101 gallery er góð viðbót við galleristarfsemi á höfuðborgarsvæðinu og án efa eftirsóttur sýningarkostur meðal listamanna. Kling og Bang stækkaði við sig á Laugaveginum og heldur áfram flottri starfsemi með spennandi sýningum í alfaraleið.

Nýlunda í myndlistarheiminum er síðan listaverkaútlánið sem til húsa er í Borgarbókasafni við Tryggvagötu. Þetta var aldeilis orðið tímabært og frábært framtak að koma þessu á laggirnar. Vaxtalaus lán til listaverka-kaupa eru einnig nýlunda hér á landi, en með samstarfi Reykjavíkurborgar, KB banka, listaverkasala og listamanna hefur sá möguleiki orðið að veruleika og kaupandi getur fengið vaxtalaus lán til 36 mánaða. Þetta er að vissu leyti ljós punktur í þeim vonbrigðum sem niðurstaðan í málverkafalsanamálinu var flestum í myndlistarheiminum og slík lántaka verður etv. mörgum tækifæri til að fjárfesta í sam-tímalist.

## Landsbyggðin

Listasafn Árnesinga hefur staðið sig afar vel með framsækinni sýningarstefnu líkt og sýningar þeirra Elínar Hansdóttur og Tuma Magnússonar eru til merkis um og hefur sýnt sig að vera spennandi kostur fyrir listamenn. Listasafn Reykjanesbæjar hefur aftur á móti ekki verið eins framsækni í stefnu sinni og sýningar þar eru misjafnar. Listasafn Akureyrar kemur alltaf á óvart með sýningum sínum og einkar kraftmikilli stjórn Hanneesar Sigurðssonar. Safnið bætti heldur betur við sig þegar listaverki Fimboga Péturssonar var komið

fyrir á þaki þess. Ekki má gleyma Safnasafninu í nágrenni Akureyrar en það er svo sannarlega heimsóknar virði árið um kring og sýningar þar á sam-tímalist í bland við fasta-sýningu safnsins hafa gefist vel. Listasafn Isafjarðar hefur verið ótult við að sýna sam-tímalist á árinu og má nefna t.d. ljósmyndasýningu Spessa og sýningu Guðbjargar Lindar. Síðan er Seyðisfjörður virkur í myndlistinni en sýningar þar eru jafnan áhugaverðar. Nafn Dieters Roth þar þar hæst á árinu. Ekki má gleyma listamiðstöðinni á Eiðum en í sumar var haldin vegleg myndlistarsýning undir nafninu Fantasy Island þar sem þekktir erlendir listamenn eins og Jason Rhoades og Paul McCarthy sýndu ásamt nokkrum af okkar bestu, þ. á m. Þorvaldi Þorsteins og Katrínu Sigurðar. Og fleira má nefna sem vel er gert, Gallerí Kamb við Hellu er ætíð skemmtilegt að sækja heim og Óðinshús á Eyrbakka er einkar fallegur sýningarstaður. Það má nefna í þessu sambandi að stefna sýningarstjóra myndlistar á Listahátíð 2005 er einmitt að færa sýninguna út um landið allt, yfirtaka eyjuna ef svo má segja. Þar verður samvinna með hinum ýmsu stöðum í fyrirrúmi og spennandi að sjá hvað verður úr því.

## Söfnin í bænum

Listasafn Íslands kemur vel út þegar lítið er yfir árið 2004. Fluxus í Þýskalandi í upphafi árs og sýning á íslenskri list frá árunum 1960–80 í því samhengi. Close-up sýningin bandaríska var eftirminnileg og gaman að sjá sum þeirra verka augliti til auglitis. Sýning á verkum Guðmundu Andrésdóttur var einnig lofs-verð. Sýningin á listinni undir fertugu sem nú stendur yfir er gott framtak í starfsemi safnsins og forvitnilegt verður að sjá hvernig fram-



haldið verður á því verkefni. Helst finnst manni kannski óspennandi sumarsýningar safnsins og ýmsar sýningar úr eigu þess, en

# Danslistarannáll 2004

**D**anslistin í landinu var nokkuð blómleg á nýliðnu ári. Sjálfstætt starfandi listamenn voru áberandi. Aðstandendur Nútímadanshátíðarinnar sem haldin var 3.–11. september tefldu fram sjö dansverkum ásamt einu gestaverki frá Svíþjóð. Nútímadanshátíðin sem er styrkt af Reykjavíkurborg er orðin árlegur viðburður í danslist Reykjavíkur og er hún lyftistöng fyrir listina hérlendis. Sveinbjörg Þórhallsdóttir og Margrét Sara Guðjónsdóttir vöktu athygli með dansverki sínu, „Lít ég út fyrir að vera palltettudula? Túlkun þeirra var

## Dans

Eftir Lilju Ívarsdóttur

kek@kraftaverk.is

ágeng og sköndin og er verkið eftirminnilegt fyrir þær sakir. *Metropolitan* eftir Cameron Corbett og *The concept of beauty* eftir Nadiu Banine áttu það sameiginlegt að vera ádeila á þær ranghugmyndir og óvægnu útlitskröfur sem ríkja á Vesturlöndum í garð kvenna. Birtingarmyndir kvenfyrirlitningar annarstaðar í heiminum væru eflaust uppspretta tugi dansverka ef út í það væri farið. Verkin voru ólík í uppsetningu og loksins komu fram á sjónarsviðið dansverk sem fjalla á gagnrýnn máta um mein í þjóðfélagi höfundanna. *Græna verkið* eftir Jóhann Björgvinsson var af öðrum toga. Þar blandaði höfundur málu með líkama á dúkflöt saman við hreyfingu og dans. Verkið sem var sambland gjörnings og dans kom vel út á hátíðinni. Í verki Ólafar Ingólfsdóttur og Ismo-Pekka var dásemd þess að vera öðruvísi lofuð. Verkið var í flesta staði ánægjulegt áhorfs, búningarnir frumlegir og hreyfingarnar þokkalega útpældar. Góðir gestir frá Svíþjóð komu í boði hátíðarinnar með grínverkið *Things that happen at home* eftir Birgittu Egerbladh. Verkið fjallaði á hómorískan máta um álag nútíma heimilislífs. Dansverkið var afbragðsvel útfært og skemmtilegt áhorfs. Þó að einungis séu tvö ár síðan Nútímadanshátíðin var stofnuð, er tilvist hennar orðin stór hluti skapandi danslistar í höfuðborginni. Hátíðin var veglega úr garði gerð. Hún er rós í hnappagatið fyrir aðstandendur.

Dansleikúsið er annars konar vettvangur



Morgunblaðið/Brynjar Gauti

**Lúna** „Minna bar á Íslenska dansflokknum en oft áður. Þjóðarballett Íslendinga virðist hafa meira erindi erlendis en hérlendis og er það umhugsunarefni. Það er vonandi að hann hverfi ekki fyrir fullt og allt til betra atlætis annars staðar í Evrópu. Lúna eftir Láru Stefánsdóttur er eftirminnilegast af þeim þrem dansverkum sem dansflokkurinn flutti á síðasta ári.“

dansara/höfunda til að koma list sinni á framfæri. Þar vinna ungir dansarar gjarnan með höfundum og dönsurum sem eru lengra á veg komnir. Dansleikhúsið er runnið undan rifjum dansræktar JSB, Báru Magnúsdóttur og nemenda hennar. Af þeim fjórum verkum sem sýnd voru var *Hughrif* eftir Maríu Gísladóttur dansað af Þórdísi Schram eftirminnilegast. Dansarinn var stæltur og sterkur og dansgerðin í stíl kröftug, einföld og flæðandi. Skólalokardæmi um vel samið dansverk þar sem hæfileikar og geta dansarans var höfð í fyrirrúmi. *Restored Restoration* dúett Jóhanns Freys Björgvinssonar og Lovísu Óskar Gunnarsdóttur sýndi af-

bragðs hreyfigæði dansaranna enda reynslumiklir atvinnudansarar á ferð. Hreyfingarnar í verkinu skáru sig í gegnum rýmið á sviðinu svo hrífandi var á að horfa. Önnur verk á dagskrá voru þó ekki jafnathyglisverð. Tilvist Dansleikhússins er mikilvæg þar sem það skapar dönsurum og verðandi danshöfundum nauðsynleg tækifæri til að spreyta sig í listinni.

Minna bar á Íslenska dansflokknum en oft áður. Þjóðarballett Íslendinga virðist hafa meira erindi erlendis en hérlendis og er það umhugsunarefni. Það er vonandi að hann hverfi ekki fyrir fullt og allt til betra atlætis annars staðar í Evrópu. Lúna eftir Láru Stefánsdóttur

er eftirminnilegast af þeim þrem dansverkum sem dansflokkurinn flutti á síðasta ári. Lúna var leidd áfram af Cyrano, tónlist eftir Hjálmar H. Ragnarsson í lifandi flutningi Rússíbananna. Dansverkið var fullt af gáska og vel dansaðri og samdrí dansgerð. Verk Stijn Celis *Æfing í Paradís* var kómískt og vel dansað. Það líktist óþægilega dansgerð svíans og fyrrum stjórnanda Cullberg-ballettsins í Stokkhólmi, Mats Ek. *Screensaver* eftir Rami Be'er sýndi dansflokkurinn í októbermánuði. Verkið sem var mjög krefjandi á úthald dansaranna var smart, skrautlegt og poppað en innihaldsrírt. Annað á dagskránni hjá Íslenska dansflokknum veitti